



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 4. júní 2008

Tilvísun: UST20080500003/sf

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Hellisheiðarvirkjun, færsla á vélum 5 og 6. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Framkvæmd

Breytingin felst í því að vélasalir fyrir vélar 5 og 6, ásamt kæliturnum og öðrum tilheyrandi mannvirkjum, verða færðir austar á virkjunarsvæðið. Fyrirhuguð staðsetning er við afleggjara frá Suðurlandsvegi vestan skiljustöðvar 1. Framkvæmdin felur í sér breytingu á eftirfarandi þáttum: staðsetningu gufuveituæðar, gufulokahúss og gufuháfa, vélasalar og kæliturna, losun kælivatns og umfram þéttivatns, færslu vegar og tengingu við flutningskerfi. Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir um ástæðu breytingarinnar: „*Áætlað var að allir vélasalir og kæliturnar vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar um 135 MW, myndu rísa á byggingarreit við Kolviðarhól. ...Ekki er talið vera nægt rými til að bæta við tveim vélum ásamt tilheyrandi mannvirkjum við Kolviðarhól. Því hefur verið ákveðið að færa byggingarreit fyrir vélar 5 og 6 ásamt tilheyrandi mannvirkjum austar á iðnaðarsvæðið.*“

Umhverfisstofnun telur að gera eigi nánari grein fyrir hvað valdi því að nú sé ekki talið vera nægilegt rými fyrir mannvirkin á þeim stað þar sem þau áttu að rísa samkvæmt fyrri umfjöllun um framkvæmdirnar, sbr. t.d. mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar.

Landslag / sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framangreindrar breytingar felist í áhrifum á landslag og sjónrænum áhrifum. Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a. að talið sé að færsla á vélasölum fyrir vélar 5 og 6 muni ekki leiða til breytinga á heildaráhrifum Hellisheiðarvirkjunar á landslag og ásýnd. Þar segir m.a.: „*Með uppbyggingu Hellisheiðarvirkjunar hefur ásýnd svæðisins breyst. Það einkennist nú af mannvirkjum jarðhitavirkjunar. Framkvæmdasvæðið einkennist af því að þar er virkjun í byggingu. Í nágrenni svæðisins liggja háspennulínur, ljósleiðari og jarðstrengir. Auk mannvirkja við stöðvarhús virkjunarinnar eru m.a. efnistökusvæði, borholur, skiljustöðvar, safnæðar og aðveituæðar Hellisheiðarvirkjunar.*“

Umhverfisstofnun vekur athygli á að mannvirki og framkvæmdir vegna Hellisheiðarvirkjunar hafa nú þegar haft í för með sér töluverð sjónræn áhrif og breytingar á ásýnd Hellisheiðar. Mannvirkin eru vel sýnileg frá fjölförnum stöðum. Stofnunin telur því eðlilegt að allar frekari framkvæmdir miði að því að halda auknum sjónrænum áhrifum í lágmarki og að vandað verði til allrar uppbyggingar á svæðinu, m.a. með því að takmarka frekar rask á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé fjallað með fullnægjandi hætti um framangreinda umhverfisþætti, þ.e. áhrif á landslag og sjónræn áhrif vegna breyttrar staðsetningar og tilfærslu mannvirkja, í tilkynningu um framkvæmdina. Gera verði sérstaklega grein fyrir sjónrænum áhrifum mannvirkja og sammögnunaráhrifum með þeim mannvirkjum sem þegar eru risin og bera saman við áhrif af þegar samþykktum framkvæmdum. Í tilkynningu um framkvæmdina fylgja teikningar sem sýna staðsetningu mannvirkja en ekki fylgja neinar ljósmyndir eða tölvugerðar myndir sem gefa hugmynd um ásýnd svæðisins miðað við fyrirhugaða staðsetningu mannvirkja. Ef sjónræn áhrif eru talin meðal helstu umhverfisáhrifa framkvæmda er að mati Umhverfisstofnunar nauðsynlegt að leggja fram myndir af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem sýna hvernig líklegt er að þau mannvirki sem ætlunin er að reisa munu falla í landinu. Umhverfisstofnun telur að leggja verði fram slík gögn sem sýna áhrif á landslag og ásýnd svæðisins miðað við mismunandi sjónarhorn, þ.e. frá helstu stöðum þaðan sem sjónrænna áhrifa mun gæta.

Vegagerð

Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina er ætlunin að færa veg sem liggur inn í Sleggjubeinsdal til að beina umferð vestur fyrir og framhjá framkvæmda- og vinnslusvæðinu fremur en í gegnum það. Umhverfisstofnun telur að gera verði betur grein fyrir hvers konar veg um verður að ræða að, þ.e. hvort ætlunin er að hann verði uppbyggður eða hvort hann megi liggja lágt í landi svipað og aðkomuvegur að nýjustu borholum við Hverahlíð. Stofnunin telur jafnframt að gera verði ítarlegri grein fyrir hvers vegna talin er þörf á að færa veginn og hverjum hann þjónar.

Vatn

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að lækur er í Sleggjubeinsdal sem hverfur síðan niður í hraun. Farvegur lækjarins fer um fyrirhugað framkvæmdasvæði. Samkvæmt upplýsingum í tilkynningunni er áformað að leiða lækinn norður og vestur fyrir framkvæmdasvæðið. Umhverfisstofnun telur að gera verði nánari grein fyrir með hvaða hætti það verður gert, s.s. hvort gert sé ráð fyrir að útbúa nýjan „náttúrulegan“ farveg og hvert læknum verður veitt.

Fyrirhugað er að umfram þéttivatni frá vélum verði veitt í svelgholu við vélasal og yfirfalli úr kæliturenum verði veitt um niðurgrafna lögn í svelgholu í nágrenni kæliturena. Í umfjöllun um áhrif framkvæmda á grunnvatn segir: „Frárennsli frá kæliturenum við vélar 5 og 6 er ferskvatn blandað efnasnaudu þéttivatni. Losun þess um svelgholu er því ekki talið hafa áhrif á gæði vatns í efri grunnvatnslögum.“


Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt mati á umhverfisáhrifum fyrir virkjun á Hellisheiði, rafstöð allt að 120 MW og varmastöð allt að 400 MW, sem og mati á umhverfisáhrifum vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar var gert ráð fyrir að affallsvatn (bæði skiljuvatn og þéttivatn) yrði veitt með fráveitulögnum að niðurrennsli svæði og losað í borholur þar. Förgun affallsvatns niður í svelgholur væri aðeins neyðarlosun (tímabundin losun í allt að 3 mánuði) ef af einhverjum ástæðum nauðsynlegt reyndist að hætta um tíma losun affallsvatns í borholur. Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila virðist hins vegar

sem gert sé ráð fyrir losun þéttvatns í svelgholu sem framtíðarlausn við förgun affallsvatns. Umhverfisstofnun telur að gera verði grein fyrir hvers vegna gert er ráð fyrir losun í svelgholu og hvernig það samræmist úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum fyrir Hellisheiðarvirkjun og stækkun hennar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að sýna verði fram á að fyrirhugaðar breytingar á framkvæmdum vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar muni ekki hafa í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif. Að mati stofnunarinnar hefur það ekki verið gert og því nauðsynlegt að leggja fram frekari gögn varðandi sjónræn áhrif framkvæmda, sbr. framangreindar athugasemdir. Einnig telur Umhverfisstofnun að leggja verði fram ítarlegi upplýsingar varðandi losun affallsvatns, landmótun vegna færslu lækjar á framkvæmdasvæðinu og lagningar nýs vegar, auk þess sem fjalla verði nánar um forsendur breytinganna.

Virðingarfyllt


Sigrún Friðriksdóttir
fagstjóri



Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri